

2014:17 • 5. desember 2014

## Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2014

Quarterly national accounts, 3<sup>rd</sup> quarter 2014

*Samantekt* Landsframleiðslan á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 jókst um 0,5% að raungildi borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2013. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 3%. Einkaneysla jókst um 2,8%, samneysla um 1,1% og fjárfesting um 12%. Útflutningur jókst um 5,1% og innflutningur nokkru meira, eða um 10,8%.

Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2014, án árstíðaleiðréttingar, dróst saman um 0,2% frá sama ársfjórðungi fyrra árs en árstíðaleiðrétta landsframleiðsla jókst um 3,9% frá 2. ársfjórðungi 2014.

Tafla 1. Yfirlitstafla


Table 1. Overview

	Verðlag ársins, millj. kr. Current prices, million ISK	Magnbreyting frá fyrra ári, % Volume change from previous year, %			Magnbreyting frá fyrra ársfj., % <sup>1</sup> Volume change from previous quarter, % <sup>1</sup>	
		1.-3. ársfj. 1 <sup>st</sup> -3 <sup>rd</sup> quarter			2. ársfj. 2 <sup>nd</sup> quarter	3. ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter
		3. ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter	3. ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter	1.-3. ársfj. 1 <sup>st</sup> -3 <sup>rd</sup> quarter	2. ársfj. 2 <sup>nd</sup> quarter	3. ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	248.444	0,7	2,8	0,6	-0,5	
Samneysla <i>Government final consumption</i>	118.959	1,2	1,1	0,4	0,1	
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	89.121	22,9	12,0	-12,0	26,3	
Birgðabreytingar <sup>2</sup> <i>Changes in inventories<sup>2</sup></i>	-7.534	-0,3	...	...	...	
<b>Þjóðarútgjöld alls</b> <b><i>Gross domestic final expendit.</i></b>	<b>448.991</b>	<b>4,2</b>	<b>3,0</b>	<b>-0,4</b>	<b>3,7</b>	
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	324.047	5,7	5,1	-0,5	7,0	
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i>	-253.729	14,5	10,8	1,9	6,6	
<b>Verg landsframleiðsla GDP</b>	<b>519.309</b>	<b>-0,2</b>	<b>0,5</b>	<b>-1,6</b>	<b>3,9</b>	

<sup>1</sup> Árstíðaleiðrétta. *Seasonally adjusted.*<sup>2</sup> Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

### Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012–2014. Preliminary figures 2012–2014.

#### Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur.

### Mynd 2. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012–2014. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2012–2014. Change from the previous quarter.

#### Einkaneysla eykst

Einkaneysla fyrstu níu mánuði ársins 2014 jókst um 2,8% borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2013. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst einkaneysla aðeins um 0,7% að raungildi. Útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi eru dregin frá niðurstöðum um einkaneyslu Íslendinga og skýrist hinn hægi vöxtur af mikilli aukningu þeirra. Frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs 2014 dróst einkaneysla saman um 0,5%.


#### Samneysla eykst

Samneysla fyrstu níu mánuði ársins 2014 jókst um 1,1% borið saman við sama tímabil árið áður. Frá sama ársfjórðungi árið áður jókst samneysla um 1,2% en frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs 2014 stóð samneyslan nánast í stað. Tölur um fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2014 verða birtar í Hagtíðindum 9. desember 2014.

- Fjárfesting eykst* Fjárfesting fyrstu níu mánuði ársins 2014 jókst um 12% að raungildi samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2013. Íbúðafjárfesting jókst um 17,8%, fjárfesting atvinnuvega um 11,7% og fjárfesting hins opinbera um 7,3% á sama tímabili. Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu en jafnframt til frádráttar sem innflutningur (eða útflutningur) og hefur því lítil sem engin áhrif á landsframleiðslu. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting á fyrstu 9 mánuðum ársins um 7,2% og fjárfesting alls um 9,1% borið saman við sama tímabil síðasta árs.
- Miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst fjárfesting um 22,9% að raungildi. Þar af jókst fjárfesting atvinnuvega um 34,2%, fjárfesting hins opinbera um 7,7% og íbúðafjárfesting um 4,5%. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfestingin á 3. ársfjórðungi um 10,5% og fjárfesting alls um 8,8% borið saman við 3. ársfjórðung 2013.
- Fjárfesting jókst um 26,3% á 3. ársfjórðungi 2014 borið saman við 2. ársfjórðung 2014. Þar af jókst fjárfesting atvinnuvega um 44,8% og fjárfesting hins opinbera um 1,2% en íbúðafjárfesting dróst saman um 2,6%.
- Birgðir dragast saman* Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 3. ársfjórðungi 2014 minnkuðu birgðir um 7,5 milljarða króna á verðlagi ársins og munar þar mestu um samdrátt í birgðum sjávarafurða og stóriðju.
- Þjóðarútgjöld aukast* Þjóðarútgjöld fyrstu níu mánuði ársins 2014 jukust um 3% borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2013. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður jukust þjóðarútgjöld um 4,2% og frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs 2014 jukust þjóðarútgjöld um 3,7% einkum vegna aukinnar fjárfestingar á sama tíma.
- Innflutningur eykst umfram útflutning* Útflutningur fyrstu níu mánuði ársins 2014 jókst um 5,1% að raungildi borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2013. Þar af jókst vöruútflutningur um 3,9% og þjónustuútflutningur um 6,4%. Á sama tíma jókst innflutningur um 10,8%. Þar af jókst vöruinnflutningur um 11,1% og þjónustuinnflutningur um 10,3%.
- Miðað við sama ársfjórðung fyrra árs jókst útflutningur um 5,7%. Þar af jókst þjónustuútflutningur um 11,2% en vöruútflutningur dróst saman um 0,9%. Á sama tíma jókst innflutningur um 14,5%. Þar af jókst vöruinnflutningur um 18,2% og þjónustuinnflutningur um 8,5%. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.
- Frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs 2014 jókst útflutningur um 7% og innflutningur um 6,6%.

### Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contributions to growth by expenditure items



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2014. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Preliminary figures 2013–2014. Change over same quarter, previous year.

#### Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum


Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var um 104,2 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 sem er mun lægri fjárhæð en á sama tímabili árið áður (127,3 milljarðar króna á verðlagi þess árs). Minni afgangur skýrist af meiri halla á vöruskiptajöfnuði á sama tíma. Landsframleiðslan jókst því minna en nam vexti þjóðarútgjalda, eða um 0,5% samanborið við 3% aukningu þjóðarútgjalda á fyrstu níu mánuðum ársins.

#### Hagþróun erlendis

Í helstu viðskiptalöndum Íslands var ársbreyting landsframleiðslunnar á 3. ársfjórðungi mest í Bretlandi, 3%. Í Bandaríkjunum var hagvöxtur 2,4%, Þýskalandi 1,2%, Hollandi 1%, Frakklandi 0,4% og Danmörku 0,3%.

### Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2014. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. Ísland óárstíðaleiðrétt. Preliminary figures 2013–2014. Change over same quarter, previous year. Iceland not seasonally adjusted.

**Heimild** Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

*Árstíðaleiðrétting* Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs.

Hagstofan birtir nú endurskoðaðar árstíðaleiðréttaðar tölur fyrir tímabilið 1997-2014. Sú endurskoðun kemur til vegna breytinga á útreikningi á keðjutengdu verðmæti birgða, ásamt áhrifum af leiðréttingu í grunntölum á vöru- og þjónustuútflutningi á 1. ársfjórðungi 2010. Í áður birtum tölum hafa birgðabreytingar verið reiknaðar á fast verðlag með hliðsjón af birgðabreytingum á verðlagi ársins og verðlagi fyrra árs. Aðferðafræði við þann útreikning er nú breytt og í stað þess að keðjutengja birgðabreytinguna er birgðastaðan nú keðjutengd og birgðabreytingarnar reiknaðar miðað við hana. Þetta er gert með líkum hætti og í vöruskiptunum þar sem inn- og útflutningur er staðvirtur hvor fyrir sig en ekki jöfnuðurinn. Þessi aðferðabreyting ásamt endurbótum á gagnasöfnun og samræming á útreikningi undirliða, sem kynnt var í september síðastliðnum gerir kleift að árstíðaleiðrétta birgðabreytingar. Breytingarnar nú hafa eingöngu áhrif á árstíðaleiðréttaðar ársfjórðungstölur en ekki er hreyft við árstölum. Árstölur verða endurskoðaðar í mars 2015 en áhrifin á keðjutengt verðmæti landsframleiðslunnar á föstu verði eru talin verða smávægileg.

Hagstofan árstíðaleiðréttaðar ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti, en það er sú aðferð sem vinnuhópur á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Seðlabanka Evrópusambandsins (ECB) lagði til og er oftast notuð í Evrópu. Aðferðin er talin henta best þegar árstíðabreytingar undirliða eru ólíkar. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir árstíðaleiðréttaðir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Meiriháttar breytingar í efnahagslífi eins og efnahagshrun og óreglubundnir liðir, sem geta sveiflast verulega, hafa mikil áhrif á árstíðaleiðréttinguna. Því smærri sem hagkerfið er, því meira vægi hafa ýmsir óreglulegir liðir. Niðurstöður fyrir árin 2012–2014 eru bráðabirgðatölur sem breytast eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir og þar með breytast árstíðaleiðréttaðar niðurstöðurnar einnig.

*Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum*

Ýtarleg sundurliðun á ársfjórðungsefnum er á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

*Tölur um 4. ársfjórðung 2014 verða birtar í mars 2015*

Tölur um landsframleiðsluna á 4. ársfjórðungi 2014 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 10. mars 2015. Hagstofan mun þá gera leiðréttingar á fáeinum undirliðum landsframleiðslunnar, bæði árs- og ársfjórðungstölum. Má þar nefna að samneysla á óbeint mældrar fjármálaþjónustu verður leiðréttað fyrir síðastliðin fjögur ár.

## English summary

In real terms, non-seasonally adjusted Gross Domestic Product (GDP) for the first three quarters of 2014 increased by 0.5% compared with the same period of 2013. Total domestic final expenditure increased by 3%. Household final consumption increased by 2.8%, government final consumption by 1.1% and gross fixed capital formation by 12%. At the same time balance of trade in goods and services worsened, exports grew by 5.1% and imports grew by 10.8%.

Non-seasonally adjusted figures indicate a year-over-year (YOY) decrease in GDP by 0.2% for the 3<sup>rd</sup> quarter of 2014. Total domestic expenditure increased by 4.2%. Household final consumption increased by 0.7%, government final consumption by 1.2% and gross fixed capital formation by 22.9%. At the same time balance of trade in goods and services worsened, exports grew by 5.7% and imports grew by 14.5%.

Seasonally adjusted GDP in the 3<sup>rd</sup> quarter of 2014 increased by 3.9% from the previous quarter. Total domestic final expenditure increased by 3.7%. Household final consumption decreased by 0.5% while government final consumption increased by 0.1% and gross fixed capital formation increased by 26.3%. Exports increased by 7% while imports increased by 6.6% in the 3<sup>rd</sup> quarter of 2014 as compared with the 2<sup>nd</sup> quarter of 2014.

Changes were made in the calculation of seasonally adjusted series for inventories covering the period 1997-2014. The constant price calculation for inventories are conducted separately for each value aggregate instead of calculating the results based on the balance for inventories. In this way the change in inventories value aggregate is treated in a manner that is symmetric to the treatment of the current trade balance as the difference between the value of exports less the value of imports.

National accounts for the 4<sup>th</sup> quarter of 2014 will be published on the 10<sup>th</sup> of March 2014. At that time, minor revisions will be made for the long time series in fixed prices due to the change in the calculation of inventories. Revisions will also be made for the FISIM results for government final consumption covering the period of four years.

**Tafla 2. Landsframléiðsla eftir ársfjórðungum 2010–2014***Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2010–2014*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg landsfram- leiðsla <i>GDP</i>
<b>Verðlag hvers árs, millj. kr.</b> <i>Million ISK at current prices</i>								
<b>2010</b>	<b>827.397</b>	<b>398.341</b>	<b>228.455</b>	<b>-2.611</b>	<b>1.451.582</b>	<b>867.764</b>	<b>-698.293</b>	<b>1.621.053</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	202.062	96.885	51.032	11.343	361.323	195.539	-164.929	391.933
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	204.864	101.990	57.542	-8.057	356.340	225.120	-175.653	405.806
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	202.298	98.864	58.481	-1.226	358.416	231.670	-176.923	413.164
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	218.173	100.602	61.400	-4.672	375.503	215.436	-180.788	410.150
<b>2011</b>	<b>878.688</b>	<b>415.417</b>	<b>263.693</b>	<b>2.556</b>	<b>1.560.354</b>	<b>954.414</b>	<b>-814.210</b>	<b>1.700.558</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	203.140	98.791	53.828	18.363	374.122	202.595	-174.824	401.893
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	219.495	105.035	62.036	-4.608	381.958	236.497	-201.066	417.390
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	217.483	104.463	65.601	-4.762	382.785	280.084	-215.877	446.992
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	238.570	107.128	82.227	-6.437	421.488	235.238	-222.443	434.283
<b>2012<sup>1</sup></b>	<b>946.571</b>	<b>433.120</b>	<b>283.456</b>	<b>-627</b>	<b>1.662.521</b>	<b>1.006.139</b>	<b>-894.659</b>	<b>1.774.001</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	222.623	104.411	72.608	19.329	418.970	224.352	-209.112	434.211
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	239.712	109.877	74.927	-11.641	412.875	256.763	-241.055	428.583
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	228.341	107.055	66.320	-970	400.746	283.218	-223.002	460.962
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	255.895	111.777	69.602	-7.344	429.929	241.806	-221.490	450.245
<b>2013<sup>1</sup></b>	<b>986.500</b>	<b>455.735</b>	<b>282.749</b>	<b>-8.012</b>	<b>1.716.971</b>	<b>1.043.741</b>	<b>-887.699</b>	<b>1.873.013</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	232.121	110.369	64.004	13.173	419.667	236.881	-205.492	451.056
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	247.077	115.897	71.470	-4.421	430.023	247.613	-224.867	452.769
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	239.127	112.427	72.285	-6.162	417.677	302.372	-229.133	490.916
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	268.174	117.042	74.989	-10.601	449.604	256.876	-228.208	478.272
<b>2014<sup>1</sup></b>	...	...	...	...	...	...	...	...
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	244.919	115.173	74.269	189	434.551	222.276	-207.675	449.152
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	263.277	121.270	70.466	-252	454.761	253.690	-234.447	474.003
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	248.444	118.959	89.121	-7.534	448.991	324.047	-253.729	519.309

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2010–2014**

Table 3. Annual GDP volume growth 2010–2014

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <sup>1</sup> <i>Changes in inventory<sup>1</sup></i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, %</b> <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
<b>2010</b>	<b>-0,2</b>	<b>-3,0</b>	<b>-8,6</b>	<b>0,1</b>	<b>-2,3</b>	<b>1,5</b>	<b>4,3</b>	<b>-3,1</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,7	-3,4	5,7	-0,3	-1,2	-7,9	1,3	-5,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-3,2	-3,7	-6,3	-1,3	-5,1	6,6	7,8	-4,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,4	-1,7	-17,9	0,7	-3,2	-0,2	0,8	-3,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,4	-3,2	-10,7	1,2	0,4	7,9	7,6	0,7
<b>2011</b>	<b>2,5</b>	<b>0,2</b>	<b>11,6</b>	<b>0,2</b>	<b>3,6</b>	<b>3,4</b>	<b>6,8</b>	<b>2,1</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,6	0,0	6,1	1,5	3,1	4,3	3,8	3,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,8	-0,1	3,5	1,0	4,2	-0,8	5,8	0,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,1	0,3	7,3	-1,1	1,2	7,7	6,7	2,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,6	0,8	27,7	-0,4	5,7	2,3	10,2	1,9
<b>2012<sup>2</sup></b>	<b>2,0</b>	<b>-1,2</b>	<b>4,3</b>	<b>-0,1</b>	<b>1,4</b>	<b>3,9</b>	<b>4,9</b>	<b>1,1</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter<sup>2</sup></i>	2,4	-1,6	31,9	0,4	5,9	5,8	10,5	4,0
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter<sup>2</sup></i>	2,5	-2,0	17,4	-1,6	1,7	6,8	13,5	-1,1
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter<sup>2</sup></i>	0,7	-1,6	-0,4	0,7	1,0	3,6	4,1	1,2
4. ársfj. <sup>2</sup> <i>4th quarter<sup>2</sup></i>	2,4	0,4	-20,1	0,1	-2,6	-0,4	-6,7	0,5
<b>2013<sup>2</sup></b>	<b>0,8</b>	<b>0,8</b>	<b>-2,2</b>	<b>-0,5</b>	<b>-0,3</b>	<b>6,9</b>	<b>0,4</b>	<b>3,5</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter<sup>2</sup></i>	0,3	1,9	-16,5	-1,9	-4,5	4,0	-5,2	0,3
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter<sup>2</sup></i>	0,6	1,0	-3,8	1,8	1,9	3,0	-1,6	4,5
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter<sup>2</sup></i>	1,2	0,2	6,1	-1,1	0,8	8,8	1,7	5,2
4. ársfj. <sup>2</sup> <i>4th quarter<sup>2</sup></i>	1,1	0,2	7,0	-0,9	0,7	11,5	6,5	3,8
<b>2014<sup>2</sup></b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter<sup>2</sup></i>	3,3	0,8	18,3	-2,9	2,0	4,7	11,0	-0,4
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter<sup>2</sup></i>	4,3	1,4	-4,4	0,9	2,9	4,9	6,9	2,2
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter<sup>2</sup></i>	0,7	1,2	22,9	-0,3	4,2	5,7	14,5	-0,2

<sup>1</sup> Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2005. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2005.*

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*



**Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2010–2014, árstíðaleiðrétt**Table 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2010–2014*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreyting frá fyrri ársfjórðungi, %</b> <i>Percentage change on the previous quarter</i>							
<b>2010</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,3	-1,9	-23,7	-3,5	-0,3	0,7	-3,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-1,3	-0,4	6,9	-1,6	5,2	-1,9	2,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,5	0,0	-2,0	1,5	-2,2	3,7	-1,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	-0,8	9,8	1,7	5,9	4,8	2,4
<b>2011</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,1	1,1	-9,5	-0,8	-5,4	-2,4	-2,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,6	-0,0	5,9	1,6	0,0	-0,3	1,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,3	0,0	4,5	1,3	7,1	4,8	2,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,3	-0,7	27,7	3,7	3,9	8,2	1,8
<b>2012<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	0,9	-1,0	-7,6	-0,6	-5,9	-2,3	-2,8
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	0,3	-0,0	-5,1	-1,7	2,5	2,2	-1,2
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	-0,3	0,4	-10,5	-1,0	6,8	-3,7	4,7
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	0,8	0,6	1,0	0,3	-6,0	-3,0	-1,7
<b>2013<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	-0,7	0,3	-1,4	-1,0	3,5	-0,4	1,3
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	0,2	-0,3	8,5	1,9	-0,3	5,8	-1,1
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	1,3	0,0	-2,3	-0,3	8,2	-0,4	4,5
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	0,2	0,4	2,0	0,5	0,8	1,7	0,2
<b>2014<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	0,9	0,5	9,3	0,7	-3,0	3,8	-2,7
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	0,6	0,4	-12,0	-0,4	-0,5	1,9	-1,6
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	-0,5	0,1	26,3	3,7	7,0	6,6	3,9

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2010–2014**

Table 5. Contribution to growth 2010–2014

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Hlutdeild í hagvexti frá fyrri ársfj., %</b>							
<b>% points contributions to growth in GDP from previous quarter</b>							
<b>2010</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,4	0,0	-2,8	1,0	2,5	-5,8	-3,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,7	-0,1	0,9	-1,6	2,6	0,9	2,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,8	0,0	-0,3	0,9	-1,2	-1,6	-1,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,6	-0,2	1,4	-0,3	3,0	-2,1	2,4
<b>2011</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-1,7	-0,1	-1,6	0,5	-1,4	1,9	-2,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,8	-0,0	0,8	-0,2	0,0	0,1	1,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,2	0,0	0,6	0,2	3,7	-2,1	2,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,1	-0,2	4,1	-0,8	2,1	-3,7	1,8
<b>2012<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter</i> <sup>1</sup>	0,9	0,1	-1,3	0,9	-1,4	-1,9	-2,8
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter</i> <sup>1</sup>	0,2	-0,0	-0,9	-0,8	1,4	-1,1	-1,2
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter</i> <sup>1</sup>	-0,1	0,1	-1,8	0,6	4,0	2,0	4,7
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter</i> <sup>1</sup>	0,4	0,1	0,1	-0,3	-3,6	1,4	-1,7
<b>2013<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter</i> <sup>1</sup>	0,9	0,6	-0,2	-0,5	1,1	-0,6	1,3
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter</i> <sup>1</sup>	0,1	-0,1	1,2	0,5	-0,2	-2,8	-1,1
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter</i> <sup>1</sup>	0,7	0,0	-0,4	-0,7	4,7	0,2	4,5
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter</i> <sup>1</sup>	0,1	0,1	0,3	-0,0	0,5	-0,8	0,2
<b>2014<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter</i> <sup>1</sup>	1,1	0,6	1,4	-0,9	-4,7	-0,3	-2,7
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter</i> <sup>1</sup>	0,3	0,1	-2,0	1,2	-0,3	-0,9	-1,6
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter</i> <sup>1</sup>	-0,3	0,0	4,0	-0,5	4,0	-3,5	3,9

Skýring Note: Miðað er við árstíðaleiðrétta tölur. Calculated from seasonally adjusted series.

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2010–2014, árstíðaleiðrétt**  
 Table 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2010–2014*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raubreyting frá sama tímabili árið áður, %</b> <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
<b>2010</b>	<b>-0,2</b>	<b>-3,0</b>	<b>-8,6</b>	<b>-2,3</b>	<b>1,5</b>	<b>4,3</b>	<b>-3,1</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,7	-3,2	4,2	1,0	-5,4	1,7	-2,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-2,2	-3,5	-6,9	-4,3	6,1	8,1	-3,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,8	-2,2	-16,1	-3,5	-2,5	0,6	-4,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,6	-3,1	-12,2	-2,0	8,6	7,3	-0,9
<b>2011</b>	<b>2,5</b>	<b>0,2</b>	<b>11,6</b>	<b>3,6</b>	<b>3,4</b>	<b>6,8</b>	<b>2,1</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,1	-0,1	4,1	0,7	3,0	4,0	0,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,1	0,3	3,1	4,0	-2,0	5,7	0,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,9	0,3	9,8	3,8	7,3	6,8	4,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,1	0,4	27,8	5,9	5,3	10,3	3,6
<b>2012<sup>1</sup></b>	<b>2,0</b>	<b>-1,2</b>	<b>4,3</b>	<b>1,4</b>	<b>3,9</b>	<b>4,9</b>	<b>1,1</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	3,1	-1,7	30,6	6,1	4,8	10,5	3,2
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	1,8	-1,7	17,1	2,6	7,3	13,3	0,3
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	1,3	-1,3	0,3	0,3	7,0	4,0	2,3
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	1,8	-0,0	-20,7	-3,0	-3,2	-6,7	-1,2
<b>2013<sup>1</sup></b>	<b>0,8</b>	<b>0,8</b>	<b>-2,2</b>	<b>-0,3</b>	<b>6,9</b>	<b>0,4</b>	<b>3,5</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	0,2	1,3	-15,4	-3,3	6,5	-5,0	3,0
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	0,1	1,0	-3,3	0,2	3,7	-1,6	3,1
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	1,7	0,7	5,5	0,9	5,0	1,8	2,9
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	1,1	0,4	6,6	1,1	12,6	6,7	4,8
<b>2014<sup>1</sup></b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>	<b>...</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	2,7	0,6	18,2	2,9	5,5	11,2	0,7
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	3,1	1,3	-4,1	0,6	5,3	7,1	0,2
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	1,3	1,3	24,0	4,6	4,2	14,6	-0,3

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Hagtidindi** **Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series** **National accounts**

99. árg. • 41. tbl.

ISSN 0019-1078

2014:17

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Sigurlilja Albertsdóttir • Sigurlilja.Albertsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)